

## REGLUR

### um breytingu á reglum um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri, nr. 921/2018.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglnanna:

- a. Á eftir 1. mgr. bætist málsgrein sem verður 2. mgr. svohljóðandi: Um réttindi og skyldur nemenda vísast til 43. gr. reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri, sbr. einnig 19. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.
- b. 3. mgr. 1. gr. orðast svo: Umsjónarkennarar námskeiða ákveða tilhögun námsmats, eftir atvikum í samráði við stjórnendur á fræðasviði (forseta fræðasviðs, deildarforseta eða brautarstjóra), og skal hún kynnt nemendum í kennsluáætlun eigi síðar en á upphafsdegi námskeiðs. Eftir að námskeið er hafið eru breytingar á tilhögun námsmats háðar samþykki allra nemenda og kennara í hlutaðeigandi námskeiði. Deildir skulu samræma skiladaga verkefna og prófdaga á hverju misseri í samvinnu við umsjónarkennara.
- c. Í 4. mgr. 1. gr. falla orðin „eða fræðasvið“ brott og á eftir orðunum „háðar samþykki“ bætast við orðin: stjórnar fræðasviðs og.
- d. Í 5. mgr. 1. gr. fellur seinni hluti orðsins „Stefnumótun“ brott og við lok málsgreinarinnar bætist svohljóðandi málsliður: Að öðru leyti vísast til verklagsreglna um sértæk úrræði í námi við Háskólann á Akureyri.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. Heiti 2. gr. verður: Hlutverk og skyldur kennara vegna prófa í reglulegri próftíð.
- b. Staflíður a 2. gr. orðast svo: Undirbúningur prófs. Umsjónarkennari samræmir prófspurningar í námskeiði sem hann hefur umsjón með, setur upp prófið og skilar því fullbúnu til prófstjóra eigi síðar en fimm virkum dögum fyrir prófdag. Próf sem prófstjóra er afhent skal vera skýrt og skilmerkilegt og spurningarnar tölusettar í samfelldri röð. Ef próf skiptist í hluta skal hver prófhluti hafa fyrirsögn og vægi prófhlutans í heildarprófinu tiltekið ásamt vægi hvernar spurningar. Á forsíðu prófs skal tiltekið nafn og númer námskeiðs, nafn fræðasviðs og deildar, próftímabil, leyfileg hjálpargögn og nafn og símanúmer kennara sem er tiltækur meðan á prófi stendur.
- c. Í staflíð b 2. gr. falla brott orðin „Kennarar skulu vera tiltækir á meðan próf stendur yfir“.
- d. Staflíður c 2. gr. orðast svo: Meðferð prófurlausna. Umsjónarkennari hefur aðgang að raf-rænum úrlausnum að prófi loknu. Ef um fleiri en einn kennara er að ræða er það umsjónarkennara að tryggja aðgang þeirra að úrlausnum. Ef um er að ræða úrlausnir á pappír mun umsjónarkennari fá þær afhentar frá prófstjóra og kvittar fyrir móttöku þeirra. Umsjónarkennari skipuleggur sýnidag prófs, sbr. 7. gr. b, og kemur úrlausnum á pappír til varðveislu hjá prófstjóra að lokinni prófsýningu. Að liðnum tveimur árum frá prófdegi skal öllum úrlausnum eytt.
- e. Í síðasta másl. staflíðar d 2. gr. fellur brott orðið „deildarformanni“ og í staðinn kemur: deildarforseta.
- f. Staflíður e 2. gr. orðast svo: Eldri próf. Prófstjóri sendir prófspurningar úr reglulegri próftíð að jafnaði á bókasafn háskólans, með samþykki umsjónarkennara, þegar viðkomandi skólaári er lokið. Prófspurningar úr öllum prófum úr reglulegri próftíð eru varðveittar þar í eitt ár. Aðgangur nemenda að eldri prófum er veittur skv. upplýsingalögum nr. 140/2012.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Í 1. mgr. 4. gr. falla brott orðin „forseta fræðasviðs“ og í staðinn kemur: deildarforseta.
- b. Í 1. mgr. 4. gr. fellur staflíður a brott og staflíður b, sem nú verður staflíður a, hljóðar svo: Vegna lokaverkefna í grunn- og framhaldsnámi.

- c. Í 1. mgr. 4. gr. verður staflíður c að staflíð b, staflíður d að staflíð c og staflíður e að staflíð d.
- d. Í staflíð d falla orðin „sbr. 7. grein d“ brott og í staðinn kemur: sbr. 7. grein c.
- e. Í 2. mgr. 4. gr. falla brott orðin „Prófdómari og kennari gefa hvor um sig sjálfstætt einkunn og gilda þær jafnt í einkunnagjöf eða 50% af heildareinkunn hvor um sig, nema skv. 4. gr. e“.
- f. Við 4. gr. bætist 3. mgr. sem hljóðar svo: Að öllu jöfnu þarf ekki formlega að skipa prófdómara fyrir munnleg og verkleg próf.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. Á undan orðunum „desember og apríl/maí“ í 1. másl. 1. mgr. 5. gr. kemur: nóvember/.
- b. Staflíður a 5. gr. orðast svo: Skráning í próf í reglulegri próftíð. Í upphafi kennslumisseris staðfesta nemendur skráningu í þau námskeið er þeir sækja á innri vef Háskólans á Akureyri. Staðfesting gildir sem skráning í próf námskeiðsins. Lokadagar úrsagna úr prófum í reglulegri próftíð eru ákveðnir af háskólaráði og birtir í kennslualmanaki. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á að skrá sig úr prófi og er það gert á innri vef skólans.
- c. Staflíður c 5. gr. orðast svo: Fjarvist í prófi. Nemandi sem ekki mætir til prófs skráir sig sjálfur til prófs í endurtökupróftíð. Ef um er að ræða samkeppnispróf þarf nemandi að tilkynna forföll samdægurs til skrifstofu síns fræðasviðs eða nemendaskrár.
- d. Heiti staflíðar d 5. gr. verður: Endurtaka.
- e. Í staflíð d bætist við 2. másl. 5. gr. á eftir orðunum „Skráningu í endurtökupróf“: eða annað námsmat.
- f. Í staflíð d á eftir síðasta másl. 5. gr. bætast orðin: Kennari getur heimilað endurtöku á námsmatsþætti utan endurtökupróftíðar.
- g. Staflíður e 5. gr. fellur brott.
- h. Staflíður f 5. gr. verður staflíður e og orðast svo: Próftökuréttur. Nemendum er skylt að taka þátt í öllu námsmati þeirra námskeiða sem þeir eru skráðir í. Nemandi sem ekki hefur náð lágmarkseinkunn, verið fjarverandi eða ekki skilað námsmatsþætti sem vegur 30% eða meira þar sem lágmarkseinkunnar er krafist, á rétt á að endurtaka viðkomandi námsmatsþátt einu sinni á misserinu. Hafi nemandi þá ekki náð lágmarkseinkunn verður hann að endurskrá sig í námskeiðið. Í námsmatsþáttum sem vega minna en 30% eiga nemendur ekki rétt til endurtöku. Ef námsmat byggir á verklegum þáttum getur deild í sérstökum undantekningartilvikum heimilað endurtöku á öðru misseri. Rétturinn til endurtöku gildir ekki um ástundun sem er hluti af námsmati. Nemandi sem hefur náð tilskilinni lágmarkseinkunn má endurtaka námsmatsþáttinn ef endurtakan er á því misseri og gildir þá síðasta einkunn.
- i. Staflíður g 5. gr. verður staflíður f og orðast svo: Gjald vegna endurtöku. Háskólanum er heimilt að innheimta gjald sem ákveðið er af háskólaráði fyrir endurtöku og skal greiðsla fara fram við skráningu. Skráning í endurtöku er ekki gild nema greiðsla berist áður en skráningarfrestur rennur út.
- j. Staflíður h 5. gr. fellur brott.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Í staflíð f 1. másl. 6. gr. bætist við á eftir orðunum „á skráðum prófstað HA“: sækir.
- b. Í staflíð f 1. másl. 6. gr. falla brott orðin „getur“ og „sótt“.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Í staflíð a 2. másl. 7. gr. falla brott orðin „sbr. 5. gr. f“ og í staðinn kemur: sbr. 5. gr. e.
- b. Í staflíð a 4. másl. 7. gr. falla brott orðin „Nemandi þarf ekki að endurtaka námsmatsþátt sem hann hefur staðist á meðan hann hefur próftökurétt.“
- c. Í staflíð a 5. másl. 7. gr. falla brott orðin „til þess að standast námsmat eða námsmatsþátt“.
- d. Í staflíð a 5. másl. 7. gr. breytist „sbr. 7. gr. e“ í: sbr. 7. gr. d.
- e. Í staflíð a við upphaf 6. másl. 7. gr. falla brott orðin „Fræðasviðs- eða“.

- f. Í staflið b 1. másl. 7. gr. falla brott orðin „15 daga“ og í staðinn kemur: viku.
- g. Staflíður c 7. gr. fellur brott fyrir utan 3. másl. sem færast til og verður lokamálsliður í staflíð b 7. gr. og orðast svo: Kennara er heimilt í samráði við nemanda sem ekki á kost á að nýta sýnidag prófs, að finna annan tíma.
- h. Staflíður d 7. gr. verður staflíður c og orðast svo: Skipun prófdómara. Nemandi sem ekki hefur staðist námskeið og unir ekki lokamati að fenginni útskýringu, getur óskað eftir skipun prófdómara, sbr. 4. gr. d, og fer hann yfir þá námsmatsþætti sem eru undir tilskilinni lágmarks-einkunn. Skrifleg beiðni þar um skal berast deildarforseta innan tveggja vikna frá birtingu lokaekunnar. Um skipun prófdómara gildir 4. gr.
- i. Staflíður e 7. gr. verður staflíður d.
- j. Staflíður f 7. gr. verður staflíður e og falla orðin „V (vottorð)“ brott.
- k. Staflíður g 7. gr. verður staflíður f.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglnanna:

- a. Heiti 8. gr. verður: Brot á reglum.
- b. 1. mgr. 8. gr. orðast svo: Brot á reglum þessum varða við 19. gr. laga um opinbera háskóla.
- c. Staflíður a 8. gr. orðast svo: Brot í prófi. Verði nemandi uppvís að því að hafa rangt við í prófi í umsjón prófstjóra, vísar prófstjóri, eða staðgengill hans, málinu til viðeigandi deildarforseta til meðferðar, sbr. 43. gr. reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri.
- d. Staflíður b 8. gr. orðast svo: Önnur brot. Varðandi önnur brot vísast til 43. gr. reglna nr. 694/2022 fyrir Háskólann á Akureyri.

## 8. gr.

9. gr. reglnanna orðast svo: Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með áorðnum breytingum, sbr. 21. gr. og reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022, og taka gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

## 9. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í háskólaráði, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 22. júní 2023.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.

B-deild – Útgáfudagur: 7. júlí 2023